

78

Gjöld:

| | | |
|---|-----|-----------------------|
| 1. Fyrir söfnunarsjóðsbók | kr. | 1 00 |
| 2. Flutningsgjald á leigum til Reykjavíkur haustið 1894 | — | 1 50 |
| 3. Flutningsgjald á leigum til Reykjavíkur haustið 1895 | — | 1 42 |
| 4. Í sjóði við árslok 1895: | | |
| a. Jörðin Harastaðir á Fellsströnd, 11,1 hndr. að dýr- leika, virt á | kr. | 800,00 |
| b. Í söfnunarsjóði Íslands | — | 81,19 |
| | | <hr/> |
| | | 881 19 |
| | | Gjöld alls kr. 885 11 |

Skrifstofu Árnessýslu, 31. desembermán. 1895.

Sigurður Ólafsson.

79

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi, handa Tjarnar-
5. júní. prestkallia á Vatnsnesi til framhalds jarðabótum.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 3. þ. m., veiti jeg hjer með samþykki mitt til þess, að presturinn að Tjörn á Vatnsnesi, síra Jón St. Þorláksson, taki 1000 króna embættislán, sem eigi getur fengizt úr landssjóði, handa prestakallinu til framhalds jarðabótum á tjeðu prestssetri. Þó er þetta lántökuleyfi mitt þeim skilyrðum bundið, að lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins, með 50 krónum, auk vaxta, á 20 árum samfleytt frá lán-tökudegi að telja, og að presturinn eða bú hans svari við burtför hans frá brauðinu eða fráfall jarðabótum, er unnar verði hjer eptir og metnar verði að minnsta kosti 1000 króna virði, eða svari ofanálagi fyrir það, sem til kynni að vanta.

Þetta er hjer með hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Prófastur.

3. júní skipaði biskup prestinn síra *Einar Jónsson* í Kirkjubæ reglulegan prófast í *Norður-Múlaprófastsdæmi*.